

166. fundur Stjórnarfundur Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.

Stjórnarfundur haldinn í Fjölheimum 11.02.2026 kl. 16:30.

Mættir: Hulda Kristjánsdóttir, sem stýrði fundi, Valdimar Hafsteinsson ritari, Halldóra S. Sveinsdóttir, Ester Ýr Jónsdóttir, Magðalena Jónsdóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

1. Námsframboð vorannar 2026

Eyjólfur kynnti námsframboðið á vorönn 2026. Framboð og eftirspurn er með svipuðum hætti og hefur verið.

2. Húsnæðismál

Fræðslunetið hefur fengið nýja aðstöðu í stjórnsýsluhúsinu í Rangárþingi eystra. Einnig verður breyting á aðstöðu í Nýheimum á Höfn. Erindi var sent til Árborgar um framlengingu á leigusamningi til fjögurra ára. Svares er beðið.

3. Önnur mál

Framkvæmdastjóri fór yfir fréttir úr starfseminni og kom þar fram að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins misreiknaði fé í málaflokkinn og koma tekjur til með að verða 2-3 millj. lægri en áætlað var.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 17:40

Valdimar Hafsteinsson ritaði fundargerð